

# Aðalfundur Félags starfsmanna stjórnarráðsins 9. desember 2021

Haldinn á Teams kl.11.

Pórveig Þormóðsdóttir setur fundinn og gerir tillögu um að hún verði fundarstjóri og Anna Rósa Gestsdóttir fundarritari.

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2020. Félagsmönnum fer fækkandi, voru yfir 300 fyrir ca 10 árum en eru nú tæplega 200. Erum aðilar að BSRB og erum að verða þar fámennasta félag innan bandalagsins. Engin yfirbygging hjá félaginu og ekki rekin skrifstofa. Sameining félagsins við stærra félag liggur ekki fyrir á næstunni. Starfsemin á árinu var mjög lítil og árlegir viðburðir eins og jólaball og kaffiboð fyrir eldri félagsmenn féllu niður vegna covid. Rekstur á sumarhúsum var helsta verkefni ársins. Húsin hafa verið mikið leigð út bæði yfir sumar og vetrartímann. Húsið okkar í Hrísholti í Biskupstungum var endurgert 2021, átti að skipta um baðherbergi en verkefnið vatt upp á sig. Þurfti að fara í mun viðameiri framkvæmdir, þurfti að skipta um geymslugólf og rafmagn og vatnslagnir. Skipt um gólf á neðri hæðinni og setja gólfhita. Einnig skipt um eldhúsinnréttingu. Þetta varð til þess að ekki var hægt að leigja út húsið fyrr en í ágúst þegar framkvæmdum var lokið og því fengu þeir ekki sem höfðu fengið úthlutun í júní og júlí sínar vikur. Smotteriis frágangur eftir. Framkvæmdirnar voru mjög dýrar og kostuðu 15-17 milljónir. Munaðarnes hefur ekki þurft mikið viðhald en þar hefur verið svolítið vesen með vatnið. Húsið í Flatey, þar er orðin mikil viðhaldsþörf, þarf að mála húsið og glugga og þakmálning er ljót. Einnig þarf að endurnýja innviði hússins. Húsið á Akureyri, lítil raðhús á góðum stað. Þar er kominn tími á miklar endurbætur. Hafa komið upp hugmyndir um að selja húsið og kaupa sumarhús í Hlíðarfjalli. Skiptar skoðanir um hvað skuli gera. Húsið í minna lagi fyrir svona félagasamtök. Lítið af húsnæði í boði á Akureyri núna. Stjórnin íhugar að boða félagsfund þar sem stillt verður upp kostum vegna húsanna og tekin verður ákvörðun um hvort skuli fækka húsum eða hvað skuli gera. Með fækkandi félagsmönnum er mögulega þörf á að fækka húsum.

Aðrir orlofskostir hjá félaginu hafa verið veiðikort og gjafakort frá Icelandair. Icelandair kortin ekki verið til sölu 2020-2021 en verða til sölu næsta vor.

Kjarasamningar undirritaðir í mars 2020 en þeir gilda til 2023. Stytting vinnuvikunnar aðalmál síðustu samninga.

Farið yfir starfsmenntunarsjóði og styrktarsjóð sem félagið er aðili að og félagsmönnum bent á að kynna sér sjóðina á heimasíðu félagsins.

Orðið gefið laust og Sævar Hilmarsson styður þá hugmynd að selja íbúðina á Akureyri og leggur til að kaupa í Hlíðarfjalli.

Anna María Óladóttir leggur til að Flatey verði ekki seld. Kristín Hjartardóttir tekur undir að selja ekki Flatey. Sigrún Guðmundsdóttir tekur undir það og bendir á að hægt verði að leigja eitthvað húsnæði erlendis.

Næst kynnir Guðbrandur Jónsson ársreikning félagsins: Helstu tölur eru þessar: Hagnaður ársins er rúmar 9.000.000. Eignir eru metnar á rúmar 100.000.000. Handbært fé í árslok eru tæpar 55.000.000. Reikningur samþykktur án athugasemda.

Næsta mál er kosning stjórnar. Sama stjórn setið nokkur ár, gerð tillaga að óbreyttri stjórn. Þórveig Þormóðsdóttir formaður, Margrét Sigurðardóttir varaformaður, stjórnarmenn Anna Rósa Gestsdóttir, Jóna Gróa Valdimarsdóttir og Guðbrandur Jónsson, varastjórn Sigríður Lúðvíksdóttir, Kristín Sigfúsdóttir og Halla Guðmundsdóttir. Endurskoðendur Þorvaldur Egilson og Lilja Friðvinsdóttir.

Fólk hvatt til að gefa kost á sér í stjórn fyrir næsta aðalfund sem verður vonandi næsta vor.

Stjórn samþykkt án athugasemda.

Önnur mál: Staðan í ráðuneytum eftir stjórnarmyndun. Miklar breytingar gerðar á ráðuneytum og málaflokkar færðir á milli ráðuneyta. 10 ráðuneyti með 11 ráðherra var staðan fyrir breytingar en nú verða 12 ráðuneyti með 12 ráðherrum. Mjög óljóst hvernig stoðþjónustur ráðuneytanna verða. Mikil óvissa hjá mjög mörgum félagsmönnum. Orðið gefið laust um þetta mál. Atvinnuráðuneyti þar veit starfsfólk ekki mikið um hvernig hlutirnir verða og ráðuneytisstjóri ekki með vitneskju um hvernig verður að sögn Kristínar Sigfúsdóttur. Allt í vinnslu. Ein skrifstofa skiptist í þrennt. Fólk heldur áfram að vinna sín störf og bíður frekari tíðinda. Talað um styttingu vinnuvikunnar í því ráðuneyti þar sem að 13 mínútna stytting á dag er í gildi. Talað um að samræma þurfi styttingu vinnuvikunnar á milli allra ráðuneyta. Fólk að flytjast á milli ráðuneyta og það ætti að vera eins vinnutími í öllum ráðuneytum. Vinnuumhverfi (húsnæði) þarf eins að vera sambærilegt í ráðuneytum. Ný ráðuneyti taka formlega til starfa 1. febrúar 2022. Thelma Másdóttir í Fjársýslu bendir á að þessar breytingar valdi gífurlegu álagi á Fjársýsluna. Verður mikið þúsl fyrir starfsfólk að finna m.a. út úr því að fólk fái launin sín á réttum tíma.

Þessar breytingar kalla væntanlega á frekari mannafla.

Þórveig bendir á að auglýsingar um vetrarleigu eftir áramót fari að berast og bendir einnig á að laust sé um jóla og áramót í húsunum.

Fleira ekki gert fundi slitið.